



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á 10 ára afmælishátíð  
Barnahúss  
Þjóðmenningarhúsinu  
1. nóvember 2008**

Virðulegi ráðherra.  
Góðir gestir.

Það er vel við hæfi að minnst tíu ára afmælisins hér í Þjóðmenningarhúsi því sú hugsjón sem markaði grundvöll Barnahúss, starfsemi þess og árangur á sér djúpar rætur í samfélagsvitund Íslendinga þótt hún hafi líka sótt næringu í jarðveg alþjóðlegra rannsókna og fræða, notið tengsla við framsækna umræðu um barnaheill.

Frumherjar Barnahúss ruddu brautir, skópu samstöðu um nýjar lausnir. Oft var þó á brattann að sækja því vanahugsun og kerfishagsmunir stofnana og stjórnenda á ýmsum sviðum gátu verið farartálmi.

En Barnahúsið hefur jafnan notið þess að eiga öfluga talsmenn, hugsjónafólk sem hlífði sér hvergi. Í þeim orðræðum var gott að eiga bakhjarl í samfélagsgildum þjóðarinnar, geta vísað í samhjálpanda sem reynst hefur Íslendingum vel á erfiðum tímum.

Um þessar mundir er stundum sagt að þjóðin, eða hluti hennar, hafi á undanförunum árum glatað áttum, týnt sér í dansi þar sem auður og veraldleg gæði voru mælikvarðinn; ekkert annað hafi komist að.

Barnahúsið sem nú fagnar fyrsta stórafmæli sínu er hins vegar vitnisburður um að víða voru varanleg samfélagsgildi í hávegum höfð. Hugsjónafólk og sérfræðingar náðu árangri sem athygli vakti á veraldarvísu, studdi og styður enn það góða orðspor sem Íslendingum er mikilvægt.

Hinn einstaki sess sem Barnahúsi tókst að skapa sér á fáeinum árum birtist meðal annars í því að í opinberum heimsóknum erlendra þjóðhöfðingja til Íslands setti forsetaembættið kynningu á Barnahúsi á dagskrána – samræðurnar leiddu til umbóta og athafna í heimalöndum hinna góðu gesta, og reyndar víðar.

Í kjölfar kynningar á Barnahúsi í Bessastaðastofu, skrifstofunni þar sem Sveinbjörn Egilsson innrætti Fjölnismönnum ástina á íslenskri tungu, ákvað Rania drottning Jórdaníu að nýta reynslu og fordæmi Barnahúss í brýnni umræðu um kynferðisofbeldi á börnum í Arabaríkjum.

Silvía drottning Svíþjóðar hafði forystu um að Barnahús yrði fyrirmynd hliðstæðrar starfsemi í Svíþjóð og höfðu þó margir talið að Svíar væru okkur fremri í flestu sem snertir skipulag velferðar og félagslegrar umönnunar. Barnahús sýndi hins vegar að leiðsögn héðan gat verið dýrmætt veganesti, ekki bara í Svíþjóð heldur líka í umbótastarfi í mörgum fátækari löndum heims, þar sem World Childhood Foundation hefur beitt sér fyrir að reynsla Barnahúss sé höfð til hliðsjónar.

Ég minnst líka fróðlegra samræðna á Bessastöðum við áhrifafólk frá Bandaríkjunum sem komið var til Íslands til að sækja í reynslubrunn Barnahúss; skynjaði þá hina miklu virðingu sem starfsemin nýtur víða um veröld. Sú virðing var staðfest þegar The International Society for the Prevention of Child Abuse and Neglect veitti Barnahúsi heiðursverðlaun fyrir tveimur árum.

Áhrifanna af starfsemi Barnahúss gætir því víða. Mörg lönd hafa grannskoðað hina íslensku reynslu og forystusveit Barnahúss hefur verið virkur þátttakandi í alþjóðlegri umræðu og stefnumótun.

Allt er þetta mikilvægt en þó skiptir mestu starfið sem unnið hefur verið í þágu barnanna, að glíma þeirra við erfða reynslu hefur orðið léttbærari, að flókin mál eru nú leidd til lykta í anda samstarfs og mannúðar, í krafti þekkingar og dýrmætrar reynslu.

Barnahús er á sinn hógværa hátt merkisberi samfélagshugsjóna og réttlætis sem sérhvert siðaþjóðfélag þarf að tileinka sér til að geta borið slíkt heiti með sannni og sæmd.

Á þessum tímamótum færi ég ykkur öllum, forystusveit og starfsfólki Barnahúss, einlæg þakkir; þakkir fyrir alúð og umhyggju í þágu þúsunda barna sem komið hafa í Barnahús á þessum fyrsta áratug en líka þakkir fyrir að hafa reist nýjan vegvísi, gefið fordæmi sem okkur og öðrum þjóðum ber að fylgja.